



Reglur um keppni í gæðingafimi LH

Febrúar 2021

Uppfært 28.02.2021



Reglur um keppni í gæðingafimi LH

Efnisyfirlit

1. Hugmyndafræði.....	3
2 Aðstaða.....	4
3 Tímamörk.....	4
4 Hlutfall atriða.....	4
5 Vægi æfinga.....	4
6 Hlutfall gangtegunda.....	4
7 Aðrar reglur / Úrslit.....	5
8 Dómarar.....	5
9 Framkvæmd keppni.....	5
9.1 Tilhögun stig 3.....	5
9.1.1. Æfingar.....	5
9.1.2. Vægi æfinga.....	6
9.1.3. Gangtegundir.....	7
9.1.4 Fegurð í reið.....	7
9.1.5 Flæði, útfærsla og reiðmennska.....	8
9.1.6 Dæmi til hækkunar á 3. stigi:.....	8
9.1.7 Dæmi til lækkunar á 3 stigi:.....	8
9.2 Tilhögun stig 2.....	9
9.2.1 Æfingar.....	9
9.2.2 Æfingar á 2. stigi:.....	10
9.2.3 Gangtegundir.....	10
9.2.4 Fegurð í reið.....	11
9.3.5 Flæði, útfærsla og reiðmennska.....	11
9.3.6 Dæmi til hækkunar á 2. stigi:.....	11
9.3.7 Dæmi til lækkunar á 2. stigi:.....	12
9.3 Tilhögun stig 1.....	12
9.3.1 Æfingar.....	13
9.3.2 Æfingar á 1.stigi:.....	13
9.3.3 Gangtegundir.....	14
9.3.4 Fegurð í reið.....	15
9.3.5 Flæði, útfærsla og reiðmennska.....	15
9.3.6 Dæmi til hækkunar á 1. stigi:.....	15
9.3.7 Dæmi til lækkunar á 1.stigi:.....	16
10 Skilgreiningar á æfingum.....	16



10.1 Hliðargangsæfingar - skilgreiningar	16
10.2 Aðrar æfingar – skilgreiningar	17
11 Fylgiskjöl	20
Fylgiskjal 1	21
Gátlisti til knapa í gæðingafimi LH	21
Fylgiskjal 2	22
Gátlisti til mótshaldara.....	22
Fylgiskjal 3.	24
Leiðarar	24
Gangtegundir.....	24
Æfingar.....	34
Fegurð í reið.....	35
Flæði útfærsla og reiðmennska.....	36
Fylgiskjal 4	37
Menntun dómara í gæðingafimi LH	37
Fylgiskjal 5	39
Exel skjöl fyrir dómara.....	39
Dómblað fyrir 3. stig.....	39
Dómblað fyrir 2. Stig	40
Dómblað fyrir 1. Stig	41

1. Hugmyndafræði

Hugmyndin að þessari keppnisgrein er að, sýna vel þjálfaðan gæðing á listrænan hátt, þar sem öll þjálfunarstigin eru sýnd. Knapi fléttar saman gangtegundum og æfingum og sýnir í einni heild, jafnvægi, þjálfni, kraft og fimi hestsins.

Knapi skilar inn lista yfir þær æfingar sem hann ætlar að sýna, en ekki röðun þeirra. Það er gert til þess að auðvelda dómurum að dæma.


Keppnisgreininni er skipt niður í styrkleikastig eitt til þrjú.

Á fyrsta stigi skal sýna fyrstu þrjú þrep þjálfunarpíramídans. Hesturinn þarf að vera rólegur en einbeittur, sýna framhugsun og vera taktfastur, frjáls og sveigjanlegur.

Á öðru stigi skal sýna fyrstu fimm þrep þjálfunarpíramídans. Hesturinn þarf að vera rólegur en einbeittur, sýna framhugsun og vera taktfastur, frjáls og sveigjanlegur. Því til viðbótar skal hesturinn vera samspora og hvelfdur.

Á efsta stigi skal sýna öll þrep þjálfunarpíramídans. Hesturinn þarf að vera rólegur en einbeittur, sýna framhugsun og vera taktfastur, frjáls og sveigjanlegur. Því til viðbótar skal hesturinn vera samspora og hvelfdur. Auk þess á að sýna kraft, söfnun og yfirferð. Þar er ætlast til að hesturinn sýni góðan burð allan tímann og framkvæmi krefjandi æfingar. Form skal vera rétt, hreyfingar rúmar og háar og skrefin löng. Sýningin skal geisla af krafti, góðri spyrnu, bakið vera burðargott og burður í afturhluta góður. Hesturinn gangi vel upp í herðar, sé léttur, frjáls að framan og sjálfberandi.

Á öllum stigum þarf knapi að sýna að hesturinn búi enn yfir grundvallaratriðunum og sé spennulaus.



1. stig er fyrir minna vana
2. stig er fyrir meira vana
3. stig er opinn flokkur



2 Aðstaða

Reiðvöllur 20m x 40m/60m/80m eða hringvöllur með opnu svæði í miðjunni. Sé skeiðbraut til staðar er mótshöldurum heimilt að leyfa notkun hennar.

3 Tímamörk

Tími og tónlist byrja þegar knapi hneigir sig eða í síðasta lagi þrjátíu sekúndum eftir að knapi kemur inn á völinn. Þulur gefur merki þegar ein mínúta er eftir af sýningartíma.

Tímamörk eru breytileg og miðast við keppnisvöll á hverjum stað.

- 20x40m-50m reiðsvæði: að hámarki 4 ½ mínúta
- 20x60m-80m reiðsvæði: að hámarki 5 mínútur
- hringvöllur: að hámarki 8 mínútur

Mótshaldari skal gefa út endanleg tímamörk miðað við vallarstærð í síðasta lagi þegar mótið er auglýst.

Ef knapi fer fram yfir uppgefin tímamörk þá fær hann 0 fyrir þau atriði sem hann sýnir eftir að tímamörkunum var náð.

4 Hlutfall atriða

- æfingar gilda 40%
- gangtegundir og fegurð í reið gilda 40%
- flæði, útfærsla og reiðmennska gilda 20%

5 Vægi æfinga

- á stigum 1 og 2 hafa allar æfingar sama vægi
- á stigi 3 er vægi æfinga mismunandi eða frá 1 – 1,4

6 Hlutfall gangtegunda

- fyrir utan tölt, gilda tvær bestu gangtegundirnar til einkunnar
- tölt er 33,333% af einkun fyrir gangtegundir, með öðrum orðum 3/9 eða 1/3
- fegurð í reið og hinar gangtegundirnar gilda 22,222% eða 2/9. Af einkunn
- skeið hefur vægisstuðul 1,1 (eins og æfingar) til að hvetja til skeiðsýningar



7 Aðrar reglur / Úrslit

Í úrslitum gæðingafimi skulu vera þrír til fimm knapar. Mótshaldarar ákveða endanlega fjölda í úrslitum. Séu þátttakendur fleiri en fimmtán er æskilegt að halda úrslit. Ákvörðun þess efnis skal liggja fyrir áður en keppni hefst. Knapa er leyfilegt að skila inn nýjum æfingalista í síðasta lagi 15 mínútum fyrir úrslit.

Skeiðbraut má einungis nota einu sinni og þá aðeins fyrir sýningu gangtegunda.

8 Dómarar

Gæðingafimidómari skal að minnsta kosti uppfylla eitt skilyrði:

- vera íþrótta- og/eða gæðingadómari með knapamerkjadómarapróf og/eða reiðkennararéttindi
- hafa dæmt gæðingafimi reglulega á tímabilinu 2000-2020

Dómarar geta verið þrír eða fimm og hver dómari skal hafa einn ritara sér til aðstoðar.

Séu dómarar fimm, skal hæsta og lægsta einkunn strikuð út.

Dómarar skulu staðsettir við langhlið og utan við reiðvöll.

9 Framkvæmd keppni

9.1 Tilhögun stig 3

9.1.1. Æfingar

Knapi skilar inn þar til gerðum æfingalista 36 klukkustundum fyrir keppni og ef við á með skilgreiningu á frjálsri æfingu. Æfingalista keppenda má mótshaldari ekki birta né sýna óviðkomandi aðila áður en mótið hefst.

Frjáls æfing á að hvetja til frumleika og hugmyndaflugs og ber að taka með opnum hug. Knapi má nýta í verkefni sínu fleiri en eina frjálsa æfingu.

Sé frjálsri æfingu hafnað skal knapi upplýstur af mótshöldurum eða yfirdómara innan sólarhrings frá skilum æfingalista. Höfnuninni verður að fylgja röksemdarfærsla, og er einungis gert ef æfing er talin of auðveld fyrir stigið sem er keppt í eða óviðeigandi.

Í æfingalistanum merkir knapi við þær æfingar sem hann ætlar að sýna.

Sé æfingalista ekki skilað telst skráning ógild.

Það er á ábyrgð knapa að leitast ávallt við að sýna æfingar og gangtegundir þannig að sjónarhorn dómara sé sem best.



Knapi sýnir að lágmarki fjórar æfingar. Af þeim sýnir knapi a.m.k. tvær hliðargangsæfingar og skal önnur þeirra riðin á tölti.

Allar hliðargangsæfingar og æfingin riðið á hringnum skal sýna upp á báðar hendur.

Merkja má við eins margar æfingar og knapi vill, að lágmarki fjórar.

Sleppi knapi æfingu fær hann sjálfkrafa núll fyrir ósýnda atriðið. Ef merkt er við fimm æfingar eða fleiri dettur einkunn fyrir lægstu æfingu út hjá hverjum dómara.

Æfing á að vera greinileg og hafa jákvæð áhrif á hestinn. Hliðargangsæfingar þurfa að vera nægilega langar til að hægt sé að dæma gæði þeirra en þó alltaf að lágmarki tíu metrar.

Allar æfingar eru framkvæmdar án stuðnings við vegg. Knapi skal miða við að æfingin sé framkvæmd a.m.k. tveimur metrum frá veggnum.

Knapi getur hæst hlotið einkunnina 5 (æfingin sjálf hlýtur einkunnina 10) sé æfingin framkvæmd upp við vegg.

9.1.2. Vægi æfinga

Allar æfingar hafa vægi 1 nema þau sem eru sérstaklega útlistuð.

Eftirfarandi æfingar hafa vægi 1,1:

- krossgangur tölt/brokk
- opinn sniðgangur tölt / brokk / stökk
- taumur gefinn (fram og niður) tölt / brokk / stökk

Eftirfarandi æfingar hafa vægi 1,2

- lokaður sniðgangur á tölti, brokki og stökki á hring og beinu spori

Eftirfarandi æfingar hafa vægi 1,3:

- lokaður sniðgangur á skálínu (half pass) og lokaður sniðgangur á baug tölt / brokk / stökk
- úthverfur lokaður sniðgangur á hring/baug á tölti, brokki og stökki
- fljúgandi stökkskipting

Eftirfarandi æfingar hafa vægi 1,4:

- afturfótasnúningur á tölti / stökki



- piaffe(safnað brokk / tölt á staðnum)
- passage(hægt safnað brokk / tölt með hvíld í sviffasa fóta)

9.1.3. Gangtegundir

Sýna skal að lágmarki þrjár gangtegundir og skal tölt vera ein þeirra og gildir töltið 1/3 af einkunn fyrir gangtegundir og fegurð í reið. Ef sýndar eru fleiri en þrjár gangtegundir getur það hækkað einkunn fyrir útfærslu. Einungis þrjár bestu gangtegundir gilda til einkunnar, en alltaf tölt. Ef sýnd er fjölbærni á gangtegund til dæmis mismunandi hraði á sömu gangtegund eða gott jafnvægi í æfingum eða á sveigðu spori getur það hækkað einkunn fyrir þá gangtegund ef vel tekst til en jafnframt lækkað einkunn ef illa tekst til. Til dæmis mun stökk á hring hafa áhrif á stökkeinkunn, sé ekki merkt við hana sem sér æfingu.

Til þess að knapi sem ekki sýnir skeið hljóti fullnaðareinkunn fyrir tölt þarf hann að sýna tvær útfærslur á tölti hið minnsta. Hægt tölt, milliferðar tölt, greitt tölt, tölt við slakan taum eða tölt með hraðamun. Til að hægt sé að hljóta 7 eða herra í einkunn þarf knapi að sýna bæði hægt tölt og greitt tölt. Hægt tölt þarf að vera sem nemur 2/3 af langhlið.

Til þess að knapi sem sýnir skeið hljóti fullnaðareinkunn fyrir tölt þarf hann að sýna eina útfærslu á tölti hið minnsta.

Gangtegundina skeið skal sýna sem samsvarar ¾ af langhlið til þess að hreyfa einkunn. Skeið hefur vægið 1,1 eins og sumar æfingar.

Gangtegundirnar tölt, brokk og stökk skal sýna að minnsta kosti eina langhlið, skálínu, fjórðungalínu eða miðlínu til þess að hljóta fullnaðareinkunn.

Gangtegundina fet skal sýna þrjátíu metra hið minnsta.

Ef knapi sýnir fleiri útfærslur af feti af öryggi getur það hækkað einkunn fyrir fetið.

Þar er átt við til dæmis safnað fet, meðalfet eða langt fet.

Gæði gangtegunda í æfingum skulu teknar til greina við heildareinkunnagjöf viðkomandi gangtegundar.

9.1.4 Fegurð í reið

Dómsatriðið fegurð í reið skal dæmt og metið út frá líkamsbeitingu hestsins, höfuðburði, glæsileika í hreyfingum, fasi og útgeislun. Tekið skal tillit til fegurðar í reið í allri sýningunni. Til að hljóta einkunn á bilinu 7,5 – 10 skal hesturinn vera taktfastur og í góðu jafnvægi, sveigjanlegur til beggja handa og dillandi mjúkur.



9.1.5 Flæði, útfærsla og reiðmennska

Dómsatriðið flæði, útfærsla og reiðmennska byggir á hversu vel knapanum tekst til í sýningunni, en einnig hversu krefjandi sýningin er sett upp. Æskilegt er að knapi sýni æfingar, skiptingar og samsetningar sem reyna á reiðmennsku, þjálni og jafnvægi hestsins, hafa góð áhrif á hestinn og að sýningin hafi gott flæði. Reiðmennskan geisli af léttleika, dirfsku, leikni og tillitsemi samspil knapa og hests frábært.

Sýning sem hefur gott flæði, eitt leiðir af öðru, fær einkunn á bilinu 7.0 – 10. Til að hljóta einkunn á bilinu 7.0 – 10 fyrir útfærslu og reiðmennsku á efsta stigi skal knapi sýna efstu þrjú þrep þjálfunarpíramídans; kraft, söfnun og yfirferð. Frjálst er að ríða hringi og bauga hvenær sem er og getur það virkað til hækkunar á viðkomandi gangtegund. T.d. að bæta hring eða baug við stökksýningu.

9.1.6 Dæmi til hækkunar á 3. stigi:

- krefjandi og flottar útfærslur sem reyna á reiðmennsku og þjálni
- knapi sýnir hest sinn til afkasta á gangtegundum og sýnir góðar æfingar með lítt sýnilegum ábendingum
- góð stjórn á orkustigi. Sem dæmi má nefna að eftir sýningu til afkasta sé í framhaldinu æfingin taumur gefinn sýnd
- æfingar og gangtegundir fléttaðar saman, til dæmis krossgangur á brokki
- góð stjórn á söfnunarstigi hestsins. Sem dæmi má nefna útfærslur eins og afturfótasnúningur og beint upp í stökk
- vel upp sett sýning og gott flæði
- ríðið með aðra hönd á taum
- krefjandi og vel heppnaðar gangskiptingar til dæmis án stuðnings
- gangtegundirnar sýndar á fjölbreyttan hátt
- æfingar sýndar á fleiri en einni gangtegund
- knapi sýnir snerpu hests síns
- knapi sýnir atriði sem hann er byrjaður að kenna hesti sínum til að krydda sýningu sína en teljast þó ekki til æfinga, sem dæmi má nefna að hestur heilsa eða þrjóni

9.1.7 Dæmi til lækkunar á 3 stigi:

- útfærsla of flókin fyrir knapa og hest, sýning mistekst
- knapi notar grófar ábendingar á hest sinn sem lýta verkefnið
- útfærslur sem leyfa gangtegundum ekki að njóta sín
- illa upp sett sýning og slæmt flæði



- órökrétt samsetning verkefnis sem hefur neikvæð áhrif á framgang verkefnis og gangtegundir
- lakar gangskiptingar
- greinileg spennan sjáanleg
- atriði er endurtekið oft vegna mistaka
- hestur og knapi óöruggir í fasi
- slæm líkamsbeiting
- röng stilling / sveigja

9.2 Tilhögun stig 2

9.2.1 Æfingar

Knapi skilar inn þar til gerðum æfingalista 36 klukkustundum fyrir keppni og ef við á með skilgreiningu á frjálsri æfingu. Æfingalista keppenda má mótshaldari ekki birta né sýna óviðkomandi aðila áður en mótið hefst.

Frjáls æfing á að hvetja til frumleika og hugmyndaflugs og ber að taka með opnum hug.

Sé frjálsri æfingu hafnað skal knapi upplýstur af mótshöldurum eða yfirdómara innan sólarhrings frá skilum æfingalista. Höfnuninni verður að fylgja röksemdarfærsla, og er einungis gert ef æfing er talin of auðveld fyrir stigið sem er keppt í eða óviðeigandi.

Í æfingalistanum merkir knapi við þau atriði sem hann ætlar að sýna.

Sé æfingalista ekki skilað telst skráning ógild.

Það er á ábyrgð knapa að leitast ávallt við að sýna æfingar og gangtegundir þannig að sjónarhorn dómara sé sem best.

Knapi sýnir að lágmarki fjórar æfingar, þar af skulu vera að lágmarki tvær hliðargangsæfingar. Önnur þeirra skal vera opin sniðgangur á tölti/brokki/stökki.

Allar hliðargangsæfingar, baugur og æfingin riðið á hringnum skal sýna upp á báðar hendur.

Merkja má við eins margar æfingar og knapi vill, að lágmarki fjórar.

Sleppi knapi æfingu fær hann sjálfkrafa núll fyrir ósýnda atriðið. Ef riðnar eru fimm æfingar eða fleiri dettur einkunn fyrir lægstu æfingu út hjá hverjum dómara.

Æfing þarf að vera greinileg og hafa jákvæð áhrif á hestinn. Hliðargangsæfingar þurfa að vera nægilega langar til að hægt sé að dæma gæði þeirra en þó alltaf að lágmarki tíu metrar.

Á 2. stigi skulu allar æfingar framkvæmdar án stuðnings við vegg. Allar æfingar hafa vægið 1, miða skal við að æfingin sé framkvæmd a.m.k. tveimur metrum frá veggnum.



Knapi getur hæst hlotið einkunnina 5 (æfingin sjálf hlýtur einkunnina 10) sé æfingin framkvæmd upp við vegg.

9.2.2 Æfingar á 2. stigi:

- framfótasnúningur fet
- krossgangur fet / tölt / brokk
- opin sniðgangur tölt / brokk / stökk
- lokaður sniðgangur á miðlínu eða hring (travers) fet / tölt / brokk / stökk
- lokaður sniðgangur á skálínu (half pass) og lokaður sniðgangur á baug fet / tölt / brokk / stökk
- úthverfur lokaður sniðgangur á baug (renvers) fet / tölt / brokk / stökk
- afturfótasnúningur fet 1m
- taumur gefinn fram (sjálfbemandi) tölt / stökk þrisvar * 3 sek
- slaktaumatölt, slakur taumur ein langhlið
- slöngulínur tölt / brokk / stökk
- riðin átta tölt / brokk
- riðið á hringnum (13-25m) tölt / brokk / stökk / ytra stökk
- baugur (8-12m) tölt / brokk / stökk
- stöðvun af tölti / brokki / stökki
- bakka úr kyrrstöðu
- hraðabreyting (tvær stuttar eða ein löng) tölt / brokk / stökk
- gangskiptingar (fet-tölt-fet x3)
- einföld stökkskipting
- taumur gefinn (fram og niður) tölt / brokk / stökk
- frjáls æfing

9.2.3 Gangtegundir

Sýna skal að lágmarki þrjár gangtegundir og skal tölt vera ein þeirra og gildir töltið 1/3 af einkunn fyrir gangtegundir og fegurð í reið. Ef sýndar eru fleiri en þrjár gangtegundir getur það hækkað einkunn fyrir útfærslu. Einungis þrjár bestu gangtegundir gilda til einkunnar, en alltaf tölt. Ef sýnd er fjölbærni á gangtegund til dæmis mismunandi hraði á sömu gangtegund eða gott jafnvægi í æfingum eða á sveigðu spori getur það hækkað einkunn fyrir þá gangtegund ef vel tekst til en jafnframt lækkað einkunn ef illa tekst til. Til dæmis mun stökk á hring hafa áhrif á stökkeinkunn, sé ekki merkt við hana sem sér æfingu.

Til þess að knapi sem ekki sýnir skeið hljóti fullnaðareinkunn fyrir tölt þarf hann að sýna tvær útfærslur á tölti hið minnsta. Hægt tölt, milliferðar tölt, greitt tölt, tölt við slakan taum eða tölt með hraðamun.



Til þess að knapi sem sýnir skeið hljóti fullnaðareinkunn fyrir tölt þarf hann að sýna eina útfærslu á tölti hið minnsta.

Gangtegundina skeið skal sýna sem samsvarar $\frac{3}{4}$ af langhlið til þess að hreyfa einkunn. Skeið hefur vægið 1,1 eins og sumar æfingar.

Gangtegundirnar tölt, brokk og stökk skal sýna að minnsta kosti eina langhlið, skálínu, fjórðungalínu eða miðlínu til þess að hljóta fullnaðareinkunn.

Gangtegundina fet skal sýna þrjátíu metra hið minnsta.

Ef knapi sýnir fleiri útfærslur af feti af öryggi getur það hækkað einkunn fyrir fetið.

Þar er átt við til dæmis safnað fet, meðalfet eða langt fet.

9.2.4 Fegurð í reið

Dómsatriðið fegurð í reið skal dæmt og metið út frá líkamsbeitingu hestsins, höfuðburði, glæsileika í hreyfingum, fasi og útgeislun. Tekið skal tillit til fegurðar í reið í allri sýningunni. Til að hljóta einkunn á bilinu 7,5 – 10 skal hesturinn vera taktfastur og í góðu jafnvægi, sveigjanlegur til beggja handa og dillandi mjúkur.

9.3.5 Flæði, útfærsla og reiðmennska

Dómsatriðið flæði, útfærsla og reiðmennska byggir á hversu vel knapanum tekst til í sýningunni, en einnig hversu krefjandi sýningin er sett upp. Æskilegt er að knapi sýni æfingar, skiptingar og samsetningar sem reyna á reiðmennsku, þjálni og jafnvægi hestsins, hafa góð áhrif á hestinn og að sýningin hafi gott flæði. Reiðmennskan geisli af léttleika, dirfsku, leikni og tillitsemi samspil knapa og hests frábært.

Sýning sem hefur gott flæði, eitt leiðir af öðru, fær einkunn á bilinu 7.0 – 10. Til að hljóta einkunn á bilinu 7.0 – 10 fyrir útfærslu og reiðmennsku á efsta stigi skal knapi sýna efstu þrjú þrep þjálfunarpíramídans; kraft, söfnun og yfirferð. Frjálst er að ríða hringi og bauga hvenær sem er og getur það virkað til hækkunar á viðkomandi gangtegund. T.d. að bæta hring eða baug við stökksýningu.

9.3.6 Dæmi til hækkunar á 2. stigi:

- krefjandi og flottar útfærslur sem reyna á reiðmennsku og þjálni



- knapi sýnir hest sinn til afkasta á gangtegundum og sýnir góðar æfingar með lítt sýnilegum ábendingum
- góð stjórn á orkustigi. Sem dæmi má nefna að eftir sýningu til afkasta sé í framhaldinu æfingin taumur gefinn sýnd
- æfingar og gangtegundir fléttaðar saman, til dæmis krossgangur á brokki.
- góð stjórn á söfnunarstigi hestsins. Sem dæmi má nefna útfærslur eins og afturfótasnúningur og beint upp í stökk
- vel upp sett sýning og gott flæði
- riðið með aðra hönd á taum
- refjandi og vel heppnaðar gangskiptingar
- gangtegundirnar sýndar á fjölbreyttan hátt
- æfingar sýndar á fleiri en einni gangtegund
- knapi sýnir snerpu hests síns
- knapi sýnir atriði sem hann er byrjaður að kenna hesti sínum til að krydda sýningu sína en teljast þó ekki til æfinga. Sem dæmi má nefna að hestur heilsa eða þrjóni

9.3.7 Dæmi til lækkunar á 2. stigi:

- útfærsla of flókin fyrir knapa og hest, sýning mistekst
- knapi notar grófar ábendingar á hest sinn sem lýta verkefnið
- útfærslur sem leyfa gangtegundum ekki að njóta sín
- illa upp sett sýning og slæmt flæði
- órókrétt samsetning verkefnis sem hefur neikvæð áhrif á framgang verkefnis og gangtegundir
- lakar gangskiptingar
- greinileg spennan sjáanleg
- atriði er endurtekið oft vegna mistaka
- hestur og knapi óöruggir í fasi
- slæm líkamsbeiting
- röng stilling/sveigja

9.3 Tilhögun stig 1

Á fyrsta stigi skal sýna fyrstu þrjú þrep þjálfunarpíramídans. Hesturinn þarf að vera rólegur en einbeittur, sýna framhugsun og vera taktfastur, frjáls og sveigjanlegur.

Þetta stig er frábrugðið hinum stígum og er hugsað sem undanfari þess að knapar geti þróað sig í átt



að 2.stigi og í framhaldinu 3.stigi. Þar af leiðandi er 1.stigið meira takmarkandi en hin stigin tvö. Knapa er þó heimilt að sýna hest sinn til afkasta á gangtegundunum þó að um ræði 1.stig gæðingafiminnar.

9.3.1 Æfingar

Knapi skilar inn þar til gerðum æfingalista 36 klukkustundum fyrir keppni og ef við á með frjálsri æfingu. Æfingalista keppenda má mótshaldari ekki birta né sýna óviðkomandi aðila áður en mótið hefst.

Á 1.stigi er knapa heimilt að sækja um að sýna æfingu sem tilheyrir efri stigum gæðingafiminnar sem frjáls æfing.

Í æfingalistanum merkir knapi við þau atriði sem hann ætlar að sýna.

Sé æfingalista ekki skilað telst skráning ógild.

Það er á ábyrgð knapa að leitast ávallt við að sýna æfingar og gangtegundir þannig að sjónarhorn dómara sé sem best.

Knapi sýnir að lágmarki þrjár æfingar. Þar af er ein hliðargangsæfing skylda og er það opinn sniðgangur.

Allar hliðargangsæfingar, baugur og æfingin riðið á hringnum skal sýna upp á báðar hendur.

Merkja má við eins margar æfingar og knapi vill, að lágmarki þrjár.

Knapi hlýtur einkunn fyrir tvær hæst dæmdu æfingar sínar ásamt skylduæfingunni.

Knapi þarf að sýna þær æfingar sem merkt er við. Sleppi knapi æfingu fær hann sjálfkrafa núll fyrir ósýnda atriðið.

Æfing þarf að vera greinileg og hafa jákvæð áhrif á hestinn. Hliðargangsæfingar þurfa að vera nægilega langar til að hægt sé að dæma gæði þeirra en þó alltaf að lágmarki tíu metrar.

Á 1. stigi má knapi sýna æfingar sínar hvar sem er á reiðvellingnum en þó þannig að sjónarhorn dómara sé sem best. Allar æfingar hafa vægið 1.

9.3.2 Æfingar á 1.stigi:

- framfótasnúningur fet
- krossgangur fet
- opin sniðgangur fet / tölt / brokk / stökk
- lokaður sniðgangur fet
- víkja á baug (á fjórum sporum) fet
- taumur gefin fram (sjálfberandi) tölt / stökk þrisvar * 3 sek



- slaktaumatölt slakur taumur ein langhlið
- slöngulínur fet / tölt / brokk / stökk
- skipt yfir völinn / riðið fram á miðlínu tölt / brokk
- riðin átta fet / tölt / brokk
- riðið á hringnum (13-25m) tölt / brokk / stökk
- baugur (8-12m) fet / tölt / brokk / stökk
- stöðvun af feti / tölti / brokki / stökki
- bakka
- hraðabreyting (tvær stuttar eða ein löng) tölt / brokk / stökk
- gangskiptingar (fet-brokk-fet x3 / fet-tölt-fet x3)
- einföld stökkskipting
- taumur gefin (fram og niður) fet / tölt / brokk / stökk
- frjáls æfing (má vera æfing af efri stigum gæðingafiminnar)

9.3.3 Gangtegundir

Sýna skal að lágmarki þrjár gangtegundir og skal tölt vera ein þeirra og gildir töltið 1/3 af einkunn fyrir gangtegundir og fegurð í reið. Ef sýndar eru fleiri en þrjár gangtegundir getur það hækkað einkunn fyrir útfærslu. Einungis þrjár bestu gangtegundir gilda til einkunnar, en alltaf tölt. Ef sýnd er fjölbærni á gangtegund til dæmis mismunandi hraði á sömu gangtegund eða gott jafnvægi í æfingum eða á sveigðu spori getur það hækkað einkunn fyrir þá gangtegund ef vel tekst til en jafnframt lækkað einkunn ef illa tekst til. Til dæmis mun stökk á hring hafa áhrif á stökkeinkunn, sé ekki merkt við hana sem sér æfingu.

Til þess að knapi sem ekki sýnir skeið hljóti fullnaðareinkunn fyrir tölt þarf hann að sýna tvær útfærslur á tölti hið minnsta. Hægt tölt, milliferðar tölt, greitt tölt, tölt við slakan taum eða tölt með hraðamun. Til þess að knapi sem sýnir skeið hljóti fullnaðareinkunn fyrir tölt þarf hann að sýna eina útfærslu á tölti hið minnsta.

Gangtegundirnar tölt, brokk og stökk skal sýna að minnsta kosti eina langhlið, skálínu, fjórðungalínu eða miðlínu til þess að hljóta fullnaðareinkunn. Ef knapi sýnir fleiri útfærslur gangtegundanna af öryggi getur það hækkað einkunn fyrir þá gangtegund.

Gangtegundina fet skal sýna þrjátíu metra hið minnsta.

Ef knapi sýnir fleiri útfærslur af feti af öryggi getur það hækkað einkunn fyrir fetið.

Þar er átt við til dæmis safnað fet, meðalfet eða langt fet (stytta og lengja fetið).

Gangtegundina skeið skal sýna sem samsvarar ¼ af langhlið til þess að hreyfa einkunn.

Gæði gangtegunda í æfingum skulu teknar til greina við heildareinkunnagjöf viðkomandi gangtegundar.



9.3.4 Fegurð í reið

Dómsatriðið fegurð í reið skal dæmt og metið út frá líkamsbeitingu hestsins, höfuðburði, glæsileika í hreyfingum, fasi og útgeislun. Tekið skal tillit til fegurðar í reið í allri sýningunni. Til að hljóta einkunn á bilinu 7,5 – 10 skal hesturinn vera taktfastur og í góðu jafnvægi, sveigjanlegur til beggja handa og dillandi mjúkur.

9.3.5 Flæði, útfærsla og reiðmennska

Dómsatriðið flæði, útfærsla og reiðmennska byggir á hversu vel knapanum tekst til í sýningunni, en einnig hversu krefjandi sýningin er sett upp. Æskilegt er að knapi sýni æfingar, skiptingar og samsetningar sem hafa góð áhrif á hestinn og að sýningin hafi gott flæði. Reiðmennskan geisli af léttleika, leikni og tillitsemi. Samspil knapa og hests frábært.

Sýning sem hefur gott flæði, eitt leiðir af öðru, fær einkunn á bilinu 7.0 – 10.

Frjálst er að ríða hringi og bauga hvenær sem er og getur það virkað til hækkunar á viðkomandi gangtegund. T.d. að bæta hring eða baug við stökksýningu.

9.3.6 Dæmi til hækkunar á 1. stigi:

- krefjandi og flottar útfærslur sem reyna á reiðmennsku og þjálni
- knapi notar lítt sýnilegar ábendingar til leiðbeiningar fyrir hest sinn sem einnig hafa góð áhrif á hestinn og virkni
- góð stjórn á orkustigi, t.d. eftir sýningu til afkasta sé í framhaldinu æfingin taumur gefinn sýnd
- æfingar og gangtegundir fléttaðar saman
- vel upp sett sýning og gott flæði
- ríðið með aðra hönd á taum
- krefjandi og vel heppnaðar gangskiptingar
- gangtegundirnar sýndar á fjölbreyttan hátt
- æfingar sýndar á fleiri en einni gangtegund
- knapi sýnir snerpu hests síns
- knapi sýnir atriði sem hann er byrjaður að kenna hesti sínum til að krydda sýningu sína en teljast þó ekki til æfinga, t.d. að hestur heilsa eða þrjóni



9.3.7 Dæmi til lækkunar á 1.stigi:

- útfærsla of flókin fyrir knapa og hest, sýning mistekst
- knapi notar grófar ábendingar á hest sinn sem lýta verkefnið
- útfærslur sem leyfa gangtegundum ekki að njóta sín
- illa upp sett sýning og slæmt flæði
- órökrétt samsetning verkefnis sem hefur neikvæð áhrif á framgang verkefnis og gangtegundir
- lakar gangskiptingar
- greinileg spenna sjáanleg
- atriði er endurtekið oft vegna mistaka
- hestur og knapi óöruggir í fasi
- slæm líkamsbeiting
- röng stilling / sveigja

10 Skilgreiningar á æfingum

Tilgangurinn með skilgreiningum á æfingunum er að knapar og dómarar hafi sömu viðmið. Leitast var við að gera einfaldar skilgreiningar sem eru almennt viðurkenndar í heiminum og samræmast útgefnu íslensku kennsluefni. Það kunna að finnast útfærslur á æfingum sem samræmast ekki þessum skilgreiningum og getur skýringin verið munur á reiðmennskuhefðum. Aðalatriðið verður alltaf að æfingin hafi góð áhrif á líkamsbeitingu og gangtegundir hestsins, ásamt því að vera riðin á sanngjarnan hátt. Á þriðja stigi er aðeins ein hliðargangsæfing leyfð á feti, og er það afturfótasnúningur. Einnig eru flestar aðrar æfingar á hraðari gangtegundum.

10.1 Hliðargangsæfingar - skilgreiningar

Opinn sniðgangur á tölti

Hesturinn gengur sveigður á þremur til fjórum sporum. Hann gengur beint fram að aftan en til hliðar að framan. Hesturinn heldur takti viðkomandi gangtegundar. Ef hesturinn er á fjórum sporum á að vera jafn breitt bil milli allra hófa (séð framan frá).

Framfótasnúningur á feti

Hesturinn er beinn í skrokknum en stilltur í hnakka frá þeirri átt sem hann gengur í. Hann gengur í takti viðkomandi gangtegundar, með afturhlutann í hálfhring í kringum innri framfót. Innri framfótur gengur



upp og niður á staðnum eða á lítinn hring (30cm) en innri afturfótur krossar fram fyrir ytri, sem stígur fram.

Krossgangur

Hesturinn er beinn í skrokknum en stilltur í hnakka frá þeirri átt sem hann gengur í. Hann gengur í takti viðkomandi gangtegundar, jafn mikið fram og til hliðar. Innri framfótur og afturfótur krossa fram fyrir ytri, sem stíga fram.

Lokaður sniðgangur

Hesturinn gengur sveigður á þremur til fjórum sporum. Hann gengur í sömu átt og hann horfir. Hesturinn heldur takti viðkomandi gangtegundar. Ef hesturinn er á fjórum sporum á að vera jafn breitt bil milli allra hófa (séð framan frá). Lokaðan sniðgang má framkvæma á beinni leið og á hring.

Lokaður sniðgangur á skálínu

Hesturinn gengur jafnt fram og til hliðar á skálínu vallarins. Hann er sveigður í og horfir í sömu átt og hann gengur. Hesturinn krossar að framan og aftan. Innri fætur hestsins stíga fram. Framhluti hestsins skal vera örlítið á undan afturhluta. Á tölti er nóg að hesturinn stígi með ytri afturfót framfyrir innri en krossi ekki þar sem tölt er sviflaus gangtegund og að krossa er þessvegna varla hægt.

Afturfótasnúningur á feti

Hesturinn gengur með framhlutann í hálfhring í kring um innri afturfót, sveigður í sömu átt og hann gengur. Innri afturfóturinn má ganga á 20 cm hring, en skal stíga fram og kreppast vel. Ytri afturfótur á að stíga fram fyrir innri afturfót án þess að krossa. Ytri framfótur krossar yfir innri framfót. Hesturinn heldur takti viðkomandi gangtegundar. Einnig má ríða heilan hring og telst það til hærra erfiðleikastigs.

Afturfótasnúningur á tölt/stökk

Hesturinn gengur með framhlutann í hálfhring í kring um innri afturfót, sveigður í sömu átt og hann gengur. Innri afturfóturinn má ganga á 1 metra hring, en skal stíga fram og kreppast vel. Ytri afturfótur á að stíga fram fyrir innri afturfót án þess að krossa. Hesturinn heldur takti viðkomandi gangtegundar. Einnig má ríða heilan hring og telst það til hærra erfiðleikastigs.

10.2 Aðrar æfingar – skilgreiningar

Taumur gefinn fram á tölti

Hesturinn er á hægu til milliferðar tölti. Knapinn losar greinilega um tauminn í a.m.k. 3 sek þrisvar sinnum. Taumurinn á að hanga eins og U, hesturinn heldur sama höfuðburði/formi. Taumsamband tekið mjúklega aftur. Ekki er alvarlegt ef hesturinn lengir yfirlínu ögn og hvelfir sig meira. Stytttri tími en 3 sek. leiðir til lækkunar. Einnig má gera einu sinni a.m.k. 50 metra (eins og í T2).



Taumur gefinn fram á stökki

Hesturinn er á hægu til milliferðar stökki. Knapinn losar greinilega um tauminn í amk 3 sek. þrisvar sinnum. Taumurinn á að hanga eins og U, hesturinn heldur sama höfuðburði/formi. Taumsamband tekið mjúklega aftur. Ekki er alvarlegt ef hesturinn lengir yfirlínu ögn og hvelfir sig meira.

Slöngulínur

Riðnir eru þrír til sex hálfir baugar og 0 – 10 m beint milli bauganna, eða þrír til sex 3/4 15m hringir án beinna kafla. Hesturinn sveigir sig greinilega eftir ferli baugsins og skiptir um hönd í jafnvægi. Á stökki mega bogarnir vera allt að 25 m. Mikilvægt er að allir bogar séu af sömu stærð og beinu kaflarnir jafn langir.

Riðið á áttu á tölti/brokki

Riðnir eru 6 -20 m baugar/hringir af jafnri stærð. Hesturinn sveigir sig greinilega eftir ferli baugsins/hringsins og skiptir um hönd í jafnvægi. Skipta verður til beggja handa.

Riðið á hringnum, sýna skal á báðar hendur á tölti/brokki/stökki/ytra stökki

Hringurinn er 18-25 m í þvermál. Hringirnir eiga að vera jafn stórir á báðar hendur en þurfa ekki að vera á sama stað.

Stöðvun af feti/tölti/brokki/stökki/skeiði

Hesturinn stöðvar í burði og heldur forminu, stendur rólegur, við taum og jafnt í allar fætur.

Bakka

Hesturinn bakkar mjúklega með virkan afturhluta, í jafnvægi og uppbyggilegu formi. Hnakki er efsti punktur, nef fyrir framan lóðlínu, fellir lend. Lágmark þrjú skref. Fer tafarlaust af stað.

Safnað brokk eða tölt á staðnum -Piaffe

Hesturinn er á hreinum gangi, hreyfir sig aðeins áfram safnaður og mjúkur. Hnakki er efsti punktur, nef fyrir framan lóðlínu, fellir lend. Lágmark 5 skref og hreyfir sig u.þ.b. 1 meter áfram.

Hægt svipmikið safnað brokk eða tölt - Passage

Hesturinn á hreinum gangi, safnaður og mjúkur með hægum en léttum, svipmiklum hreyfingum og aukið fjaðurmagn. Hesturinn sýnir „cadence“ sem er að hann stoppar/hægir á hreyfingu í sviffasa fóta. Hnakki er efsti punktur, nef fyrir framan lóðlínu. Hesturinn gengur upp í herðar.

Stuttar hraðabreytingar á tölti, brokki eða stökki a.m.k. tvisvar

Hesturinn byrjar á hægu, eykur hraðann greinilega, hægir mjúklega, eykur hraða og hægir aftur. Reiðleið frjáls. Sýna þarf lágmark 5 m. hægt og 15 m. aukinn hraði.



Hraðabreyting

Greinileg hraðabreyting á skálínu

Gangskiptingar fet-tölt/brokk-fet x3

Hesturinn fer af hreinu feti upp í hreint tölt/brokk töltir a.m.k. 10 m og hægir aftur niður í fet. Fara má í gegnum safnað fet.

Einföld stökkskipting

Hestur á stökki, skipt á tölt/brokk/fet, tekur hámark eina hestlengd á tölti/brokki/feti, fer svo beint upp í hitt stökkið.

Fljúgandi stökkskipting

Hestur á stökki, skiptir hreint yfir á hitt stökkið (t.d af hægra yfir á vinstra stökk).

Taumur gefinn á feti/tölti/brokki/stökki

Hesturinn er í taumsambandi á vinnuhraða, hann lengir hálsinn fram og niður í taumsambandi. Hesturinn heldur sama takti, er virkur og lengir skrefin. Neflína á að vera fyrir framan lóð og hnakki fyrir neðan herðar. Sýna þarf atriðið a.m.k. 10 sek. og á hesturinn að halda taumsambandi allan tímann.

Frjáls æfing

Knapi má skila inn lýsingu og/eða nafni á æfingu sem er ekki tekin fram í listanum. Æfingin á að sæma erfiðleikastiginu sem er verið að keppa í, þ.e.a.s. má ekki teljast auðveldari. Tilgangurinn er að stuðla að framförum og þróun og skal taka nýjungum með opnum hug. Knapi má sýna fleiri en eina frjálsa æfingu í verkefni sínu.

Umsókn um frjálsa æfingu í gæðingafimi má skila inn til faghóps hvenær sem er ársins.

Faghópur gerir í framhaldinu tillögu að lýsingu æfingar sem fer til dómara sem og vægi æfingarinnar.

Æskilegt er að umsækjandi láti teikningu af æfingu fylgja með. Umsókn er nafnlaus.

Yfirdómari móta skilar umsóknum um frjálsar æfingar um leið og skilfrestur rennur út og faghópur afgreiðir eins fljótt og kostur er. Ef tafir eru á því metur yfirdómari æfinguna sjálfur og færir í stílinn.

- Umsókn skal innihalda:
 - Ítarlega lýsingu á æfingu og helst skal fylgja með teikning af æfingu.
 - stuttur rökstuðningur fyrir gildi/vægi æfingarinnar.
- Við mat á æfingu:
 - Miðað er við að vægi sé ekki hærra en gildismesta æfing sem æfingin inniheldur. Þó gæti komið til undantekninga liggi fyrir afgerandi rökstuðningur þess efnis.
 - Höfundur æfingar má ekki meta hana sjálfur.
 - Sé sótt um æfingu sem tengist móti sem meðlimur faghópsins tekur þátt í má sá sami ekki koma að mati æfingarinnar.



- Þar sem þurfa þykir skal faghópur lýsa lágmarkskröfum fyrir viðunandi einkunn (5,0) en einnig lýsingu á fullkominni æfingu (10).

11 Fylgiskjöl

- fylgiskjal 1: Gátlisti til knapa gæðingafimi LH
- fylgiskjal 2: Gátlisti fyrir mótshaldara
- fylgiskjal 3: Leiðarar
 - i) leiðari gangtegundir; tölt, fet, brokk, stökk, skeið
 - ii) leiðari æfingar
 - iii) leiðari fegurð í reið
 - iv) leiðari flæði, útfærsla og reiðmennska
- fylgiskjal 4: Menntun dómara í gæðingafimi LH
- fylgiskjal 5: Exel skjöl fyrir dómara



Fylgiskjal 1

Gátlisti til knapa í gæðingafimi LH

Fyrir mót:

- æfingalista þarf að skila a.m.k. 36 klst. fyrir mót
- merkja við þær æfingar sem knapi ætlar sér að sýna og senda inn a.m.k. 36 klst fyrir keppni
